

## Umsögn um mál nr. 38/2023 - Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Stjórn Félags um menntarannsóknar fagnar þeirri breytingum sem til standa á hlutverki nýrrar stofnunar annars vegar og hins vegar hlutverki mennta- og barnamálaráðuneytis. Með því er verið að styrkja hlutverk stofnunarinnar varðandi skólaþróun og ráðgjafahlutverk hennar og draga úr verkefnum sem tengjast eftirliti og annarri beitingu opinbers valds. Þó er þörf á að skýra valdsvið stofnunarinnar betur og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Stjórnin fagnar stofnun nýrrar þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem starfar í þágu barna og ungmenna á Íslandi og styður við kennara og skólustarf. Væntingar eru til þess að stofnunin styðji við frumkvæði og fagmennsku þeirra sem starfa í skólum og verði bakhjarl þeirra með félagslegan jöfnuð að leiðarljósi og jafnrétti til náms. Er það í takti við víðtækt forystuhlutverk stofnunarinnar varðandi skólaþróun og ráðgjafahlutverk stofnunarinnar. Það ætti að vera skýrt í reglugerðinni (3. gr.) að forstjóri stofnunar um menntamál og skólaþjónustu ætti að hafa menntun á sviði menntunarfræði. Þetta er einkar mikilvægt til að byggja undir trúverðugleika forstjóra stofnunar sem þessarar sem hefur svo víðtækt faglegt hlutverk á sviði menntamála.

Stuðningshlutverk stofnunarinnar verður við leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og frístundastarf en einnig við sveitarfélög í gegnum skólaþjónustu sem er að mati stjórnarinnar afar mikilvægt og að það taki mið af þörfum skólasamfélagsins. Kveða þarf skýrar á um þetta hlutverk og aðkomu ríkis og sveitarfélaga og í hverju leiðandi hlutverk stofnunarinnar felst. Telur stjórnin að í 2. gr. markmiðum, lið 1, þurfi að setja orðið menntun inn. Stofnunin hefur þá grunnskyldu að styðja við menntun í landinu og þar með ætti það hlutverk að vera talið upp með skýrum hætti í fyrsta lið. Stofnunin ætti fyrst og fremst að styðja við skólaþjónustu þannig að börn og skólustarf blómstri. Eins og markmið eru sett fram í 3. og 4. lið þá virðist stofnunin jafnvel frekar eiga að vera bakhjarl skóla. Þegar kemur að gr. 5., um verkefni skólaþjónustu þá verður þessi skilningur þeirra sem rita lögin enn skýrari. Það virðist sem þessi stofnun eigi ekki endilega að styðja við skólaþjónustu sveitarfélaga heldur sé hlutverk hennar að miklu leyti að framkvæma skólaþjónustu og vera með eigin ráðgjöf og leiðsögn þar um. Við teljum að það sé brýnt að stofnunin styðji við skólaþjónustu sveitarfélaga m.a. ráðgjöf, leiðsögn og námskeiðum svo að skólaþjónusta sveitarfélaga sé betur í stakk búin til að sinna hlutverki sínu. Orðalag í lið 3, 4, 5 bendir til þess að stofnunin ætli sér að vera með beina leiðsögn til skóla, frekar en að styðja við svæðisbundna skólaþjónustu og/eða skólaþjónustu sveitarfélaga. Lagt er til að orðið úrlausn sé notað í stað orðsins úrræði, eins og fram kemur í 5. gr. 6. lið þar sem það vísar til lausna.

Stofnuninni er falin útgáfa leiðbeininga, fræðsluefnis og námsgagna og vill stjórn Félags um menntarannsóknir leggja áherslu á að útgáfan taki mið af áherslu Aðalnámskrá á grunnþætti menntunar, skapandi, samþætt, þematengt og verkefnamiðað nám fremur en að einskorðast við námsgreinar. Ætti útgáfan að svara kalli skólasamfélagsins um fjölbreytt námsefni á ýmsu formi og vinna í takt við örar tæknilegar og samfélagslegar breytingar með það fyrir augum að takast á við þær á framvirkan hátt. Útgáfan á að ná til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, lýðskóla, tónlistarskóla, listaskóla og frístundastarfs.

Stofnuninni er ætlað að þróa matstæki og önnur tæki til skimana og athugana á einstaklingum eða hópum og ættu þau að mati stjórnar FUM að hafa að yfirlýstu markmiði að vera styrkleikamiðuð, til þess gerð að efla börn og ungmenni í námi sínu og hafa þann tilgang að bregðast við ólíkum

námslegum þörfum þeirra. Slík tæki ættu að vera fjölbreytt og ná til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og vera gerð í góðu samráði við notendur þeirra.

Stjórn FUM tekur undir að eftirlitsverkefni ytra mats skóla samræmist ekki nýju hlutverki stofnunarinnar sem styðjandi ráðgjafastofnun og að lögð verði vinna í að styðja við og efla innra mat skóla. Mun stofnunin fá það hlutverk að veita faglegan stuðning og leiðsögn við gerð innra mats, framkvæmd úrbótaáætlana vegna ytra mats og ferli stöðugra umbóta í skólum. Innra mat ætti að vera lýðræðislegt og umbótamiðað í samræmi við ákvæði Aðalnámskrá allra skólastiga með þátttöku kennara, foreldra, barna og ungmenna. Það ætti að vera næmt á félagslegar og menningarlegar aðstæður og liður í þróun hvers skólasamfélags.

Stofnuninni er ætlað styðjandi hlutverk í skólaþróun með það að markmiði að stuðla að auknum gæðum menntunar og skólastarfs í samræmi við opinbera menntastefnu. Í 9. grein er talað um að hlutverk stofnunarinnar sé að "byggja upp þekkingu og færni starfsfólks skóla meðal annars með því að styðja við, samhæfa og eftir atvikum skipuleggja starfsþróun starfsfólks skóla." Skýra þyrfti nánar hvernig nýja stofnunin ætlar að vinna með öðrum á sviði skólaþróunar og nýbreytni í skólastarfi, þar sem margir aðilar sinna þessu nú þegar. Spurning hvort stofnunin styðji við aðra sem sinna þessu? Hvert verður hlutverk nýrrar stofnunar í miðlun nýrrar þekkingar á þessu sviði? Það er óljóst hvað felst í þessu. Er það ætlunin að stofnunin fari að skipta sér af starfsþróun starfsfólks einstakra skóla? Ætti það ekki frekar að vera að styðja við þessa þróun?

Stuðningur stofnunarinnar við innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar barna og ungmenna, þ.m.t. menntastefnu og aðalnámskráa ætti að vera í formi svars við ákalli skólasamfélagsins. Einnig ætti rannsókn á innleiðingu stefnumótunar að vera fastur liður í innleiðingarferlinu. Stjórn FUM fagnar því að betur verði staðið að innleiðingu stefnumótunar og fylgst betur með framkvæmd hennar. Þá virðist, skv. lið 11 að stofnunin ætli sjálf að stunda rannsóknir á sviði menntunar og skólastarfs. Það væri eðlilegra að stofnunin myndi hafa samstarf um rannsóknir við háskóla og aðra rannsakendur. Í frumvarpinu virðist hafa verið skautað fram hjá háskólum og hlutverki þeirra í tengslum við verkefni stofnunarinnar og skólaþjónustu.

Stjórn FUM fagnar jafnframt áherslu frumvarpsins á samráð við börn og ungmenni um verkefni stofnunarinnar og aðra sem að skólastarfi koma. Ætti að nýta fjölbreyttar skapandi og tæknilegar leiðir til að nálgast sjónarmið barna og ungmenna í störfum stofnunarinnar en einnig við kennara og annað starfsfólk skóla sem og foreldra. Stjórn Félags um menntarannsóknir fagnar nýrri stofnun og lýsir sig reiðubúna til samráðs um hlutverk hennar. Telur stjórn Félags um menntarannsóknir að þær breytingar sem lagðar eru til í tillögunni séu margar til bóta og geti styrkt menntun í landinu en að þó þurfi að skoða vel markmið og verkefni stofnunarinnar til að svo megi verða.

Stjórn Félags um menntarannsóknir:  
Anna Magnea Hreinsdóttir, formaður  
Halldóra Pétursdóttir  
Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir  
Jóhann Örn Sigurjónsson  
Sigríður Margrét Sigurðardóttir  
Svava Björg Mörk  
Tryggvi Brian Thayer